

Pési



Lesið þetta

- Sveitarstjóra spjall
- Auglýsingar
- Hrunaréttir vígðar
- Brunavarnir

Næsti Pési kemur út 17 okt 2013

Athugið!!

Efni í Pésann-verður að berast í allra síðasta lagi 14. okt.

Efni í þessu blaði:

Förystugrein	2
UMFH	4
Leikskólinn	7
Matarsmiðja	8
Vatnsleikfimi	11
Smárafréttir	15
Dans	17

Sept 2013

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

<http://www.facebook.com/pages/>

[Hrunamannahreppur/305727359440557?ref=ts&fref=ts](http://www.facebook.com/pages/Hrunamannahreppur/305727359440557?ref=ts&fref=ts)

Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

23. árgangur. 274. tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600

Vígsla Hrunaréttar!

**Á réttardaginn, föstudaginn 13.
september 2013 kl: 10:00, verða hinar
nýju Hrunaréttir vígðar.
Fólk er hvatt til að mæta snemma og
taka þátt í vígslunni.**



Sveitarstjórapistill

Septembermánuður er genginn í garð og þess sjást merki að það er farið að hausta. Þetta er búið að vera brellið sumar og þó vatnsbúskapurinn sé með besta móti er ekki víst að þeir sem stunda annan búskap séu eins sáttir. Svona er þetta nú samt og minnir okkur á að við getum aldrei gengið að neinu sjálfgefnu í veðurfari á Íslandi og segir okkur jafnframt að við þurfum að miða áætlanir við að geta brugðist við hverju sem er.

Það er samt staðreynd að þó veðurfar hafi áhrif á ferðamannastrauminn þá getum við ekki að öllu leyti kvartað. Íslendingurinn hegðar sér þó öðru vísi en erlendi ferðamaðurinn og hann skilar sér yfirleitt á sinn stað.


Það kom út fróðleg skýrsla sem unnin var fyrir ferðamálafulltrúa Uppsveita um fjölda ferðamanna, annars vegar á Laugarvatni og hins vegar á Flúðum 2012-2013. Þar kom fram að sumarið 2012 var áætlað að um 110.000 erlendir ferðamenn hefðu heimsótt Laugarvatn en 36.000 Flúði. Veturinn 2012-2013 var þessi sami fjöldi áætlaður 72.000 á Laugarvatni en 24.000 á Flúðum.

Hvað varðar Íslendinga má áætla að nær 140.000 hafi átt leið um Laugarvatn og nær 120.000 farið um Flúði. Þetta er áhugavert því þarna sést að við keppum ekki enn við Gullna hringinn hvað varðar erlenda ferðamenn en erum sterkari í innlendum ferðalöngum.

Þó við getum ekki beint kvartað þá þýða þessar upplýsingar að ferðaþjónustuaðilar í Hreppnum eiga talsvert inni að mínu mati, sérstaklega að lokka erlenda ferðmenn betur inn á svæðið.

Uppskeruhátíðin tókst vel um síðustu helgi og það var mikill fjöldi gesta sem mættu á svæðið. Það er trúlega þannig að þó við séum vinsæl og vitum af því, klikkar aldrei að gefa fólki að borða og bjóða mat til sölu.

Þá var þökkaleg þátttaka í Uppsveitarhringnum þó hann stæði ekki beinlínis undir nafni þar sem ófært var fyrir hjólreiðamenn vegna vegaframkvæmda við Brúará. Það var þó leyst farsælega með því að snúa við í Laugarási og þá var náttúrulega öruggt að menn rötuðu til baka. Ég held samt að við eigum aðeins inni í þessari uppákomu okkur, sérstaklega að virkja almenning og yngri kynslóðina að hjóla eða hlaupa á milli Reykhólts og Flúða.




Nú fer að stytast í að helstu framkvæmdum sveitarfélagsins ljúki þetta sumarið. Ásastigurinn er klár og maður er mjög sáttur við þá framkvæmd. Þá er ég einkanlega ánægður með hvað margir einstaklingar hafa notað tækifærið til að laga lóðir og plön í leiðinni og er það mjög til sóma. Nú vantar bara að fyrirtækin á Flúðum taki næsta skref og reyni að afmarka sínar lóðir með gróðri eða girðingum við hæfi. Sveitarfélagið ætlar eftir megni að reyna að standa sig í að snyrtimennska sé í hávegum höfð í kringum stofnanir sínar. Í því skyni er einmitt verið að gera bragarbót fyrir framan íþróttahúsið en sú stofnun okkar átti dálítið inni að gera þar huggulegt. Ég hvet síðan alla til að taka á sig rölt í Ungmennafélagsgarðinum þegar rökkva fer því lýsingin í stuðlabergsstöndunum kemur mjög vel út. Það fer síðan að verða verkefni okkar starfsmanna sveitarfélagsins að sjá hvaða svigrúm við höfum í næstu fjárhagsáætlun til að halda áfram að vinna að svona uppbyggilegum verkefnum.

Annað uppbyggilegt verkefni sem er á lokametrunum er blátunnvæðingin. Nú hefur verið dreift tunnum til heimila að mestu leyti en það á eftir að leggja lokahönd á þar sem stærri ílát verða staðsett. Aðeins hefur verið spurt hvað verði um fyrirtæki og stærri notendur af pappa. Til að enginn misskilningur sé á ferðinni þá eru þessar blátunnur hugsaðar eingöngu fyrir heimili og þann pappír sem til fellur af heimilum en ekki bú eða önnur fyrirtæki.

Sveitarfélagið innheimtir ekki sorphirðugjald af fyrirtækjum eða búum og ber ekki að veita þá þjónustu. Það er að sjálfsögðu gámur þar sem þessir aðilar geta afsett allan pappa upp á gámsvæði á Flúðum og hvet ég alla til að nýta sér þá möguleika og þannig koma öllum pappa til endurvinnslu. Hins vegar má skoða það eftir því sem þessu verkefni framvindur hvort hægt sé að sníða einhverjar sérlausnir fyrir einstök fyrirtæki eða bú með leigu á stórum ílátum o.fl en það verður að bíða aðeins.

Nú eru Hrunaréttir að verða tilbúnar til að vígja, eða endurvígja þær, eftir því hvernig á það er litið. Þetta mikla verk og mannvirki er öllum til sóma sem að því hafa staðið og vonandi standa þær í 1000 ár eða svo. Vígslan fer fram á sjálfan réttardaginn og byrjar stundvíslega kl. 10:00. Vil ég því hvetja menn til að mæta tímanlega til að missa ekki af þessum heimsatburði þannig að þeir geti sagt barnabörnunum frá því hvar þeir voru staddir þegar vígslan fór fram.



Nú þegar skólar eru byrjaðir þá vil ég hvetja alla til að sýna varúð þar sem börn eru á ferð fyrir og eftir skóla. Það skal aldrei ofsagt að við skulum sýna tillitssemi í umferðinni og nú þegar skyggja fer er enn meiri ástæða en ella til að gæta sín og virða hraðatakmarkanir og götumerkingar. Nú er ljóst að Adda húsvörður í íþróttahúsinu með meiru hættir störfum vegna búferlaflutninga í mánuðinum. Um leið og ég þakka henni fyrir einkar góð störf í þágu sveitarfélagsins þá býð ég Katrínu Emilsdóttur velkomna til starfa í hennar stað.

Að lokum vil ég hvetja alla íbúa til að nota sundlaugina á Flúðum og tækjasal íþróttahússins sér til heilsubótar í vetur en nú er allt komið á fullt í íþróttahúsinu. Jafnframt vil ég hvetja eldri borgara til að nýta sér þessa aðstöðu og vek sérstaklega athygli á vatnsleikfimi sem Árni Þór íþróttakennari ætlar að hafa í sundlauginni næstu vikurnar.

Eigum gott haust.

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri

Kæru foreldrar/forráðamenn.

Undirritaður vill þakka fyrir gott samstarf ykkar með knattspyrnudeild Ungmennafélags Hrunamanna í sumar.

Ég hvet alla þá er enn eiga eftir að skila inn keppnisbúningum að gera það eins fljótt og auðið er. Hægt er að skila þeim í íþróttahúsið.

Einnig eru rúmir þrír kassar fullir af æfingarfatnaði, skóbúnaði, yfirhöfnum og öðrum fatnaði í óskilamunum hjá knattspynudeildinni.

Hægt verður að nálgast þennan fatnað næstkomandi helgi (13-15 september)

Að lokum vill ég einnig ítreka fyrir þeim sem enn eiga eftir að greiða æfingargjöld fyrir sumarið að gera það sem fyrst.

Hægt er að hafa samband við undirritaðan í síma 6986944 eða í gegnum veffangið jontorgeir@gmail.com með spurningar varðandi reikningsupplýsingar vegna æfingagjalda og/eða óskilamunina.

Með kærri kveðju og fyrirfram þökk um góð viðbrögð.

-Jón Þorgeir Aðalsteinsson.



Fjallaraf

sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson

Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi

Hrunamannahreppi

845 Flúðir

Sími 662 0530

Fax 486 6432

fossi@fossi.is

Grænna land ehf.

Öll þjónusta fyrir garðinn á einum stað:

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Trjáplöntusala

Þökulagnir



Erla Björg Arnardóttir

Garðyrkjufræðingur

Sími: 858-3399

graennaland@simnet.is

Söngfólk athugið!!

Kirkjukórinn hefur starfsemi sína 19.sept n.k. og fara æfingar fram í

Félagsheimilinu samkvæmt venju og hefjast kl 20:30.

Fyrsta æfingin verður með léttu ívafi þar sem við bjóðum nýja kórmeðlimi velkomna. Kaffi og konfekt í pásu.

Kirkjukórinn er líflegur félagsskapur og þar er ekkert kynslóðabil.

Við óskum eftir fleiri söngfélögum því við getum alltaf á okkur blómum bætt.

ATH! Stefán (organisti með meiru) er til viðtals um raddpröfun fyrir þá sem óska eftir því í s: 615 2920 og í gegnum tölvupóst stebbi@tonlist.net

Vetrarstarf kirkjukórsins er fjölbreytt og spennandi og enginn er neyddur til að syngja í messu.

Stjórnin: Magga, Sirrý og Gussi.



Fréttatilkynning

Ágæti lesandi fréttabréfsins, okkur langar að nota tækifærið hér á þessum vettvangi til að tilkynna breytingar sem verða á eftirliti slökkvitækja og reykskynjara í íbúðarhúsnæði í dreifbýlinu. Breytingar þessar munu taka gildi frá og með n.k. áramótum.

Nánari upplýsingar koma í dreifibréfi sem sent verður inná öll heimili. Eins má sjá upplýsingar á heimasíðu BÁ, WWW.babubabu.is eða hafa samband við okkur í síma 4-800-900

Breytt fyrirkomulag:

Lögð verður áhersla á eigið eftirlit, þ.e.a.s. eigendur mannvirkja huga meir en verið hefur að eigin eftirliti.

- Dregið verður úr ferðum á hvern bæ
- Eigendur slökkvitækja eru beðnir (hvattir) til að koma með slökkvitækin sín á þjónustustöð slökkvitækja, SPS, í slökkvistöðina við Árveg 1 Selfossi
- Í þjónustustöð fá húseigendur skiptitæki og rafhlöður

Fylgst verður með eftirlitinu og haft persónulegt samband við þá sem þurfa aðstoð við verkefnið.

Við gerum okkur grein fyrir að þessi breyting á fyrirkomulagi getur reynst harkaleg þar sem fasteignaeigendur hafa fengið heimsókn ár hvert varðandi brunavarnaþáttinn. Þessi breyting reynist okkur nauðsynleg þar sem allt rekstarumhverfi hefur tekið breytingum. Besta forvörnin er að við sjálf hugum að eigin eftirliti, á þeim nótum höfum við unnið saman og munum gera það áfram.

Með kveðju frá Brunavörnum Árnessýslu





Hrunamannahreppi, 845 Flúðir, Sími 480 6620, Netfang: undraland@undraland.is

Leikskólafréttir

Leikskólastafríð fer vel af stað, bæði börn og starfsfólk koma vel undan sumarfríi. Áherslurnar hjá okkur í vetur verður að þróa enn betur útikennsluna og blanda inn í kennsluna gamla tímanum. Það kemur vegna 300 ára fæðingarafmælis Fjalla-Eyvindar sem er 2014.

Í ágúst skunduðu allar deildir í rífsberjaleiðangra, börnin á Skógarkoti gengu að Seli og týndu rífs á golfvellinum, börnin á Heiðarkoti gengu til Ellu og Júlía á Ljónastíg og týndu rífs í garðinum þeirra og börnin á Móakoti gengu til Önnu og Helga í Bjarkarhlíð og týndu rífs hjá þeim. Úr rífsberjunum var svo soðin dýrindis sulta og öll börnin fóru með sultukrúku heim til að gefa mömmu, pabba, systkinum og jafnvel ömmu og afa að smakka góðu sultuna sem þau tóku þátt í að malla.

Okkur var boðið í heimsókn í dýragarðinn í Slakka sem við þáðum og skelltum okkur í ferðalag í lok ágúst. Við fórum með rútu sem er alltaf mjög spennandi. Við höfðum svo Slakka alveg fyrir okkur og þar voru dýrin skoðuð gaumgæfileg og leiktækin nýtt vel til leikja, svo fengum við pylsur og ís áður en við héldum heim á leið. Við þökkum Helga í Slakka kærlega fyrir að bjóða okkur uppá þennan skemmtilega dag.

Það er spennandi vetur framundan með skemmtilegum verkefnum, börnum og starfsfólki og ekki má gleyma fólkinu í sveitinni sem er alltaf tilbúið að taka á móti okkur og segja okkur frá og fræða okkur um það sem það er að fást við.

Við bendum á heimasíðu og Facebook síðu leikskólans til að fylgjast enn betur með okkur.



Matarsmiðju pistill

Mikið er búið að vera að gera í matarsmiðjunni undanfarið og nokkrar nýjar vörur eru að líta dagsins ljós. Þeirra helstar má nefna vítamín og „þynnku drykkinn“ B.OKAY sem nú er til sölu í flestum 10/11 verslunum og er væntanlegur á fleiri staði, sem og heilsudrykkinn Íslandus sem meðal annars er unninn úr mysu og mun verða seldur í heilsuvöruverslunum og sem „matar minjagripur“ í ferðamanna verslunum. Á döfinni eru einnig nokkur spennandi verkefni sem þó er ekki tímabært að greina frá en við minnum á að allir sem luma á spennandi hugmyndum eru velkomnir að hafa samband við okkur og við skoðum hvernig best er að útfæra þær. Minnum einnig á FB síðuna okkar: www.facebook.com/Matarsmidjan

Hlökkum til að sjá ykkur,
Ingunn í matarsmiðjunni.

Þann 7. september síðastliðinn, var afhent viðurkenning fyrir tré ársins í Hruna-
mannahreppi. Það var lerkitré, sem Kristín Jónsdóttir frá Grafarbakka kom með
austan frá Hallormstað í kringum 1936 úr svo kölluðum Guttormslundi, og
gróðursetti í garðinn hjá sér.

Lengi vel átti tréið erfitt uppdráttar því að í hvert skipti sem það náði að tosast
upp fyrir þakbrúnina kól af því toppurinn. En með þolinmæði hefst það og nú
er það löngu vaxið upp fyrir húsið. Fyrir hönd fjölskyldunar tóku þær Katrín
Ösp Emilsdóttir og Ingunn dóttir hennar við viðurkenningunni, en það var
útskorin platti eftir listakonuna Helgu Magnúsdóttur í Bryðjuholti.

Fyrir hönd skógrættarfélagsins óska ég afkomendum Kristínar til hamingju
með lerkitréið góða.

Mig langar að biðja alla þá sem vita um tré sem þeim finnst merkilegt á ein-
hvern veg að láta okkur í
skógrættarfélaginu vita.

Einnig þætti mér vænt um ef einhver-
jir ættu í fórum sínum myndir af
starfi úr ungmennafélagsgarðinum
eða einhvern fróðleik um hann að
leyfa okkur að taka eftir þeim. Það er
gaman að eiga á einum stað
upplýsingar um þennan garð.

Fyrir hönd Skógrættarfélagsins

Sigríður Jónsdóttir Fossi

s:662 0622

eða 486 6767

Lilja Helgadóttir

S: 898 4876



Ljós:SigSigm

Til sölu

Alexsander Hermann píanó, vel með farið og eiguleg eign bæði fyrir eldri og yngri. Áhugasamir hafi samband í síma 4866709 e. kl.17:00 eða í 8570944.



Kæru sveitungar

Við mæðgur í Bragganum þökkum kærlega fyrir góðar móttökur í sumar.

Í vetur mun Bragginn ekki vera opinn reglulega, en við munum að sjálfsögðu taka á móti hópum í léttar veitingar og opna leirvinnustofuna ef haft er samband við okkur með fyrirvara.

Helgaropnanir og aðrir viðburðir verða auglýstir sérstaklega svo fylgist með á facebook síðunni okkar: www.facebook.com/bragginn

Hægt er að hafa samband við okkur í síma (847-8384, Ásthildur) eða í gegnum Facebook.

Kveðja Braggapiur

Orðsending til eldri Hrunamanna.

Vetrarstarfið í kjallaranum að Heimalandi hefst á ný eftir sumarfrí þriðjudaginn 1.okt.

Hlökkum til að sjá ykkur öll.

Anna María, Árni Magnús,

Bubba og Sigga.



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna

Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA

Ópið alla daga vikunnar

www.fontana.is



LAUGARVATN

fontana

Hölsuind frá landnámi

Er komið haust???

“Ja, maður spyr sig”

Sprauta / skammta

Skammta-sprauta 3ja og 5 ml. Eigum einnig varahluti í 3ja og 5 ml. skammta-sprautur.



Inngjafabyssa m/slöngu

Inngjafasprauta 23 ml. með slöngu sem einnig er hægt að nota fyrir venjulegar sprautunálar.

Boltabyssa (Sláturbyssa)



Einnota sprautur og nálar



Klaufaklippur



Gripamerkilitir



Gripamerki-spray



Vogir



Regnföt



Stígveíl - reiðskór



Sokkar



Skeifur - hóffjaðrir



Allt í sláturgerðina

Hnifar, kjótsagir, stál, skurðarbretti, frystipokar, bjúgnalangar, net, salt, pækilsprautur, krókar, gervivambir, sláturgarn, bjúgnapressur, frystipokar, heimilispokar, balar, fötur, úrbeiningahanskar, hamborgarapressa, vaccumpökkunarvél og pokar, o.fl.....



Gunnbjarnarholti,
80 1 Selfoss
Sími 480 5600
landstolpi.is

Opið:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 16-18



Lánstími safnefnis er **30 dagar**, nema annars sé getið.

Inn á slóðunum <http://leitir.is> og www.gegnir.is, nánar tiltekið inná „*Mínum síðum*“ er hægt að sjá skiladag, framlengja lánum og fleira.

Og svo er **alltaf** hægt að skila safngögnum í gegnum skilalúguna.

Verið velkomin á bókasafnið ☺

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 486 6708

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>



Vatnsleikfimi fyrir eldri borgara.

Vatnsleikfimi fyrir eldri borgara verður á mánudögum kl. 14.30 í sundlauginni á Flúðum. Árni Þór Hilmarsson mun stjórna tímunum sem verða u.þ.b. 40 mínútna langir. Kostnaður við námskeiðið er 4500 krónur á mann og skal greiða námskeiðsgjaldið í fyrsta tímanum sem verður þann **16. september**. Alls verða skiptin 10 talsins. Þeir sem ætla sér að taka þátt í vatnsleikfiminni þurfa ekki að skrá sig, eingöngu að mæta til leiks.

Skriðsundsnámskeið fyrir fullorðna.

Nú er tækifærið fyrir þá sem vilja bæta sig í skriðsundi að taka þátt í stuttu og skemmtilegu námskeiði þar sem tilgangurinn er að rifja upp, bæta sig eða læra hreinlega skriðsund. Námskeiðið ætti að vera kjörin líkamsrækt fyrir fullorðið fólk á öllum aldri og verður tekið mið af sundfærni hvers og eins. Námskeiðið mun fara fram á mánudags- og miðvikudagskvöldum kl. 20.00-20.40. Alls verða kennd 6 skipti og verður fyrsta skiptið mánudaginn **16. september**. Kennari verður Árni Þór Hilmarsson. Fólk er beðið um að skrá sig í námskeiðið með því að senda tölvupóst á arni@fludaskoli.is eða hringja í síma 849-3870. Athugið að á meðan námskeiðið stendur yfir verður laugin ekki opin fyrir almenning og er fólk hér með beðið um að taka tillit til þess. Námskeiðsgjald er **5.500 krónur** og skal greitt í fyrsta tíma.

Hjón með 3 börn óska eftir húsnæði til leigu.

Skoðum allt.

Halldór 776 0810

Jóhanna 776 0710



Sundlaugin á Flúðum.

Opnunartími

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga: 12:00-18:00

Sunnudaga: 12:00-18:00



Tækjasalur í íþróttahúsi.

Mánudaga til fimmtudaga kl: 16:00-21:30.

Föstudaga kl: 13:00-18:00

Um helgar er opið á laugardögum frá kl:12:00-15:00,
þegar mót eru í gangi.



ÁRSHÁTÍÐ ÁRSHÁTÍÐ ÁRSHÁTÍÐ ÁRSHÁTÍÐ

Árshátíð
hestamannafélaganna
Trausta, Loga og Smára.

19. október í félagsheimilinu á Flúðum

Veislukvöldverður, glens, söngur og
gaman úr héraði.
Nánar auglýst síðar!

Árshátíðarnefndin



Hestamenn...fjölmennum og skemmtum okkur saman!!!!

Samkaup strax

Opnunartími Versl. Strax.

Opnunartími til 22. sept.

Mánudaga til föstudaga	09:30-19:00
Laugardaga	10:00-19:00
Sunnudaga	10:00-19:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl.Samkaup strax
á Flúðum.



LAGNA POSTULINN

Viðar Magnússon Pípulagningameistari
Kringlumýri 1 800 Selfoss
Sími 893-0085 Netf. vidarm@simnet.is

VIOLA snyrtistofa

Högnastíg 1 Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting –

Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.

Tímamantanir í Síma 856-1599



Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar

í Laugarási **480 5300**

Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804


Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is



Vöndull
FLUTNINGAÞJÓNUSTA
Sími 856 1580
vondull@simnet.is



Ferðir alla virka daga milli
Reykjavíkur, Hveragerðis,
Þorlákshafnar, Eyrarbakka,
Stökkseyrar, Selfoss,
Hellu, Hvalsvallar og
DREIFBÝLIS Í ÁRNESSÝSLU

Nesfrakt

Héðinsgötu 1-3 · Rvk.
Sími 533 2211

VIOLA snyrtistofa

Verður lokað frá 7. október – 27. október

Hlíf Sími 856-1599.



Smárafréttir

SEPTEMBER 2013



Haustfundur Smára 2013

Fimmtudagskvöldið **3 október kl 20.30**

Golfskálanum Efra-Seli Flúðum(Kaffi Sel) .

Það sem meðal annars er á dagskrá fundarins :

- *Fjölskyldu og æskulýðsstarf*
- *Brokk og Skokk*
- *Námskeiðahald*
- *Mótahald*
- *Fræðslumál*
- *Önnur mál*

**Allir
velkomnir !**

Ef þið hafið skoðun á eftirfarandi málum eða viljið koma öðrum málum á framfæri til stjórnar eða félagsins er upplagt að taka þessa kvöldstund frá, mæta og ræða málin um stefnu, framtíð og stöðu félagsins okkar.

Stjórn Smára

**ÁRSHÁTÍÐ HESTAMANNAFÉLAGANNA SMÁRA, LOGA OG
TRAUSTA Í FÉLAGSHEIMILINU Á FLÚÐUM 19 OKTÓBER 2013**

GLENS SÖNGUR OG GAMAN

FJÖLMENNUM NÚ OG SKEMMTUM OKKUR SAMAN !

TAKIÐ DAGINN FRÁ - NÁNAR AUGLÝST SÍÐAR - ALLIR VELKOMNIR

SMÁRI



Gæðingamót Smára fór fram á Flúðum 20 júlí 2013 í frábæru veðri.

Í Barnaflokki sigraði Þorvaldur Logi Einarsson á Spá frá Álftárósi og hlaut hann einnig ásetuverðlaun í barnaflokki. Unglingaflokkinn sigraði Björgvin Ólafsson á Sveip frá Hrepphólum og hlaut Björgvin einnig ásetuverðlaun í unglíngaflokki. Í ungmennaflokki sigraði Sigurbjörg Bára Björnsdóttir á Fjöður frá Vorsabæ II.



B flokk gæðinga sigraði glæsihyrissan Dáð frá Jaðri sem er undan Stíganda frá Stóra-Hofi, knapi á Dáð var Ólafur Ásgeirsson.

Í A flokki gæðinga var það einnig Ólafur Ásgeirsson sem hafði sigur úr bitum á Pridsdótturinni Nótt frá Jaðri og þar með vorðu þau titillinn og verðlaunagripinn glæsilega hreppasvipuna sem þau unnu einnig á gæðingamóti Smára 2012.

Mótanefnd þakkar öllum sem að mótiinu komu, dómurum, starfsfólki, keppendum og áhorfendum kærlega fyrir góðan dag og vel unnin störf. Heildarúrlit og fleiri myndir má finna inn á www.smari.is og á facebook síðu hestamannafélagsins Smára.



***Skrifstofa Hrunamannahrepps.
Opnunartími hreppsskrifstofu.
Mánudaga til föstudaga:
09:00-12:00 og 13:00-16:00***

Dönsum á Selfossi hefur nú verið gert að almennu félagi og var stofnfundur haldinn síðastliðinn þriðjudag, félagið er opið öllum sem hafa áhuga á vímuefnalausri dansskemmtun, við höfum tekið á leigu félagsheimili hestamanna á Selfossi „Hlíðskjálf“ og verðum þar með dansleiki og námskeið í vetur.



Dansleikir verða haldnir öll þriðjudagskvöld frá kl. 19 – 23 og verða þar dansaðir gömlu dansarnir, swing, línudansar og samkvæmisdansar, ásamt ýmsu öðru skemmtilegu sem okkur gæti dottið í hug.

Við bjóðum uppá námskeið öðru hverju í vetur

og verður fyrsta námskeiðið SWING NÁMSKEIÐ fyrir byrjendur, sem verður haldið í Hlíðskjálf helgina 28 og 29 sept. nk. **námskeiðsgjald er 3.000**

leiðbeinandi er Jóhann Larsen Knútsson

skráningarblað liggur frammi á dansleikjum okkar og athugið að greiða þarf staðfestingargjald við skráningu.“

KOMA SVO OG LÆRA SWING

kær kveðja
Eyþór Örn Óskarsson

Landflutningar
SAMSKIP

Flúðaleið ehf

EIMSKIP

Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum og

Kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga.

sími: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með kveðju

Starfsfólk Flúðaleiðar

Stelpur konur. Komum saman og njótum og nærumst.

Nú í september, nánar tiltekið mánudagsinn **16. Sept. kl. 20:30** ætlar Kvennakórinn Uppsveitasystur að hafa opna æfingu með ýmsum frábærum uppákomum. **Samkoman verður haldin í Félagsheimilinu Flúðum.** Kórinn hefur samkomuna með tveim lögum. Gestasöngvararnir **Sigríður Thorlacius** og **Póra Gylfadóttir** taka lagið fyrir okkur með kórstjóranum okkar henni **Gróu Hreinsdóttur.**

Fleiri gestasöngvarar verða þarna eins og **Guðmundur Óskar úr Hjaltalín,** **Alexandra Chernishova** sópran, ásamt undirleikara sínum henni **Jónínu Ernu Árnadóttur.**

Rúsinan í pylsuendanum er svo hún **Guðrún Ásmundsdóttir** leikkona sem ætlar að flytja Úkraínsk lög.

Nú er uppskerutímmin í hámarki og hún **Dóra Svavarsdóttir meistarakokkur** frá Drumbodstöðum ætlar að galdra eitthvað gott úr náttúruafurðum í kringum okkur og leyfa okkur að smakka.

En kaffi og snakk verður líka með til að setja punktinn yfir stundina.

Sjáumst sem flestar

Ný símanúmer!!

Sundlaugin á Flúðum: **480 6625**

Félagsheimili Hrunamanna: **480 6614**

Bókasafnið: **480 6628**

Aðalfundur körfuknattleiksdeildar UMFH **verður haldinn í Flúðaskóla miðvikudagskvöldið** **18. september kl.20:00**

Dagskrá:

venjuleg aðalfundarstörf – gjaldkeri og ritari gefa ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn.

Önnur mál.

Við hvetjum foreldra/aðstandendur til að mæta á fundinn.

Stjórnin

ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM

SMIÐJUSTÍG 6A – SÍMI 486-1866

OPIÐ VIRKA DAGA 9-18

LAUGARDAGA 11-14



Myndir frá Uppskeruhátíð á Flúðum 7.sept sl. Ljós: SigSigm

Dóra Mjöll og Margrét Emilsdóttir "dúkkul úsinu". Ljós:SigSigm



Guðmundur G Magnússon mundar borvélina. Ljós:SigSigm

